

72 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Helgastaða-**
28. maí prestakalli til hússbyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yð-
 ar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 19. p. m., vil jeg hjer með veita samþykki
 mitt til þess, að presturinn að Helgastöðum í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, síra
 Helgi Pjetur Hjálmarsson, taki 2500 króna embættislán handa prestakallinu,
 til þess að koma upp á prestssetrinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum
 brunnu í eldsvoða 21. febr. þ. á., en sum eru orðin mjög hrörleg, vönduðu
 timburhúsi tvíloptuðu með múruðum kjallara undir og sje húsið eigi minna að
 flatarmáli en 11×10 álnir, með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem
 prófasturinn í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Enn fremur er þetta
 lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum
 prestakallsins á 25 árum í lengsta lagi með jöfnum árlegum greiðslum, auk
 vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel
 vandað, að húsið með nauðsynlegum ofnum, eldavjel og innanbyggingu, verði
 eign stadarins, að presturinn haldi húsinu váttryggðu undir eptirliti prófasts fyrir
 2500 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu
 við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til
 vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því við-
 bættu, að hið umbeðna lán getur eigi fengizt úr landssjóði, vegna þess, að pen-
 ingaforði hans er eigi meiri en svo, að líklegt er, að hann gjöri eigi betur en
 hrökkva til lögboðinna fjárgreiðslna.

73 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Höfðapresta-**
1. júní kalli á Höfðaströnd til hússbyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður,
 ur, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. p. m., vil jeg hjer
 með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Höfða á Höfðaströnd, síra
 Pálmi Þóróddsson, taki 1600 kr. embættislán, sem eigi getur fengizt úr lands-
 sjóði, handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestssetrinu í stað hinna
 gömlu bæjarhúsa, er komin eru að falli, vönduðu húsi einloptuðu, með gaffi og
 hliðvegg gegn norðri og austri úr torfi, en að öðru leyti úr timbri, og sje húsið
 eigi minna að flatarmáli, en 14×9 álnir, með 1 álnar »porti« að minnsta kosti,
 og haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Skagafjarðarpró-
 fastsdæmi samþykkir; svo sje undir húsinu múraður kjallari, 8×6 áln. að
 flatarmáli að minnsta kosti. Enn fremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skil-
 yrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum
 samfleytt með 80 krónum á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt,
 að húsið sje að öllu traust og vel vandað, að húsið með ofni, eldavjel og innan-
 byggingu verði eign stadarins, að presturinn haldi húsinu váttryggðu undir eptir-
 liti prófasts fyrir 1600 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú
 hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með
 fullu álagi.